

L Ö G

33

8. apríl

um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á Keflavíkurflugvelli skal vera lögreglustjóri. Umdæmi Keflavíkurflugvallar miðast við samningssvæði þau á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og eru eign ríkisins.

Ráðherra sá, sem fer með varnarmál, veitir embættið lögfræðingi, sem fullnægir lögmaeltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

2. gr.

Lögreglustjóri hefur á hendi dómaraströf, lögreglustjórn, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs og eftir því sem við getur átt önnur þau störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, gegn þeirri þóknun, er ákveðin er að lögum.

Lögreglustjórinn tekur laun samkvæmt VI. flokki launalaga, nr. 60 1945.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. apríl 1954.

Ólafur Thors. Jörundur Brynjólfsson. Árni Tryggvason.
(L. S.)

Kristinn Guðmundsson.

S Ó T T V A R N A R L Ö G

34

12. apríl

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Svið laganna.

1. gr.

Ráðherra ákveður, gegn hverjum sóttum beita skuli sóttvarnarráðstöfunum þeim, sem um er fjallað í lögum þessum, í því skyni að hindra, að þær sóttir berist inn í landið eða héðan til annarra landa.